

## Fundargerð samstarfsnefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga og Eflingar

Fundur var haldinn í samstarfsnefnd Sambands íslenskra sveitarfélaga og Eflingar þann 29. ágúst 2016, kl. 10:00, að Borgartúni 30.

Fulltrúar Eflingar á fundinum voru: Harpa Ólafsdóttir og Ragnar Ólason. Fulltrúar Sambands íslenskra sveitarfélaga á fundinum voru: Berglind Eva Ólafsdóttir og Inga Rún Ólafsdóttir, sem ritaði fundargerð.

Eftirfarandi mál var tekið fyrir:

### 1. Húsvörður hjá sveitarfélagi

Erindi frá Eflingu. Húsvörði er raðað í lfl. 128 og hefur borið starfsheitið „húsvörður IV“ á launaseðli. Starfsheitið „húsvörður IV“ raðaðist í lfl. 130 fram til 30. apríl 2014 og í lfl. 134 frá 1. maí 2015. Efling krefst þess að sveitarfélagið leiðrétti laun húsvörðarins fjögur ár aftur í tímann.

Sveitarfélagið hefur hafnað kröfu Eflingar með þeim rökum að í starfslýsingu starfsins sé ekki gerð krafa um iðmenntun á sviði bygginga. Viðkomandi húsvörður hefur ekki iðmenntun. Sveitarfélagið telur að starfið eigi að raðast sem „húsvörður II“ í lfl. 128. Í bréfi sveitarfélagsins til Eflingar þann 13. október 2015 kemur fram að ókunnar ástæður séu fyrir því af hverju starfsheiti hans hafi verið „húsvörður IV“ á launaseðli.

#### Niðurstaða:

Samstarfsnefnd náði ekki niðurstöðu.

Afstaða fulltrúa Eflingar er sú að starf húsvörðarins í Salnum var skilgreint í starfsmati sem „húsvörður IV“ og kom þannig fram á launaseðlum starfsmannsins. Gerð er krafa um að laun hans verði leiðrétt samkvæmt því.

Fulltrúar SNS telja að gildandi starfslýsing endurpegli ekki starfskröfur sem gerðar eru til starfs „húsvörður IV“. Lagt er til að starfið verði endurmetið í starfsmati.

### 2. Aðalhreingerning

Samstarfsnefnd er sammála því að greiða skólaliðum yfirvinnukaup samkvæmt gildandi lfl. sem nú er 124, þegar þeir sinna aðalhreingerningum.

Aðalhreingerning er vinna við ræstingu húsnæðis, veggj loft og gólf, þ.m.t. bónleysing, á þeim tíma sem ekki er reglulegt skólalagd. Í einstaka tilvikum getur aðalhreingerning einnig verið á reglulegum starfstíma skóla.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið kl. 10:40